

móts við brúinir Fossárfjalls ofan Uppsadalads. (4) Að fjallsbrún liggja mörkin með klettavegg þeim sem er skammt austan við klettinn Hörg, svo langt sem hann nær, og þaðan skemmstu leið til sjávar. Eyjar og hólmar á Vatnsfirði eru háðir ákvæðum friðlýsingarinnar.

Um friðlandið gilda þessar reglur:

1. Mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Almenningi er heimil för um svæðið og dvöl á því, í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Umferð um eyjar og hólma er háð leyfi. Stefnt skal að því að merkja leiðir fyrir gangandi og riðandi ferðamenn.
3. Akstur utan vega og merktra slóða er óheimill án leyfis.
4. Bannað er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir eða aðrar minjar að óþörfu.
5. Berjatínsla, önnur en til neyslu á staðnum, svo og veiði á fugli og fiski er óheimil án leyfis.
6. Beit búfjár sem og aðrar hefðbundnar nytjar haldast svo sem verið hefur. Þó er heimilt að takmarka beit á einstökum svæðum, ef nauðsyn þykir til þess bera, svo sem vegna skógverndar, í samráði við ábúendur og leigjendur.

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi Náttúruverndarráðs eða þess sem fer með umboð ráðsins.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og tekur hún gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 25. mars 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

24. mars 1975.

Nr. 97.

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Mosfellshrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellssveit og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellshrepps.

2. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuðina, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

Vatnsgjald kr. 600.00 á mánuði fyrir hvern mínútuLitra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig;

Flutningsgjald kr. 200.00.

Heitt vatn kr. 400.00.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín þriðja hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem sveitarstjórn ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellshrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð, kr. 130 300.00.

Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð, áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þá gildandi gjaldskrá.

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við visitölu byggingarkostnaðar 1455 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri visitölu verða. Að óbreyttum nú gildandi lögum um verðstöðvun, er hækkun gjalda skv. þessari gr. háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 000.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellshrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hitaveitunefnd og sveitarstjórn Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. mars 1975.

Gunnar Thoroddsen.

Jóhannes Guðfinnsson.

24. mars 1975.

Nr. 98.

REGLUGERÐ

um Hitaveitu Mosfellshrepps.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fjarhitun í Mosfellshreppi.

Stjórn Hitaveitu.

2. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps, hér eftir nefnd hitaveitan, er eign Mosfellshrepps og fer hreppsnefnd með stjórn hitaveitunnar.

Einnig getur hreppsnefnd skipað sérstaka stjórn yfir hitaveituna.

Einkaleyfi hitaveitu.

3. gr.

Hitaveitan hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu á heitu vatni innan lögsagnarumdæmis Mosfellshrepps, sem ekki brjóta í bág við áður gerða samninga við Reykjavíkurborg.

Hitaveitan getur þó heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum undir yfirstjórn hitaveitunnar.

Utanhússlagnir.

4. gr.

Hitaveitan lætur leggja allar utanhússlagnir; Aðalæðar, dreifiæðar, og heimæðar inn í hús samanber þó 2. málsgrein 3. gr.

5. gr.

Þeim, sem húseign á við götu, eða veg, þar sem dreifiæð hitaveitu liggur, er skylt að láta tengja hitunarkerfi hússins við hitaveituæðina. Nú eru sérstakir erfiðleikar á tengingu húss eða tenging þykir af einhverjum ástæðum ekki ráðleg, getur hitaveitan ákveðið, að húsið skuli ekki tengt við hitaveitukerfið.